

Ed.

15. Frumvarp til laga

[15. mál]

um breyting á lögum nr. 36 frá 23. maí 1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður gefur út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 2000 milljónum króna árlega næstu fjögur ár til sölu innanlands. Skal fénu varið til viðbótar fjárframlögum skv. vegáætlun til framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1975 náðist viðtæk samstaða á Alþingi um stefnu í vegamálum og stórfellt átak í vegagerð, er löggin um happdrættislán vegna Norðurveg og Austurveg voru samþykkt. Samkvæmt þeim skyldi varið 2000 milljónum króna til þessara vega til viðbótar fjárframlögum eftir vegáætlun og til sérstakra verkefna eins og t. d. Borgarfjarðarbrúar.

Því miður hafa löggin enn ekki náð tilgangi sínum nema að takmörkuðu leyti, m. a. vegna mikillar verðbólgu. Eðlilegt er því að breyta þeim á þann veg sem hér er lagt til, og ætti þá að vera unnt að ljúka gerð Norðurveg og Austurveg á næstu fjórum árum og ná stórum áföngum við gerð Austurveg.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að auka útgáfu happdrættisskuldabréfa eins og nánar er tekið fram í greininni. Þá eru tekin af hugsanleg tvímæli um að fé þetta komi til viðbótar framlögum skv. vegáætlun og til sérstakra stórverkefna, sem ákveðin voru, áður en löggin tóku gildi, eins og t. d. til Borgarfjarðarbrúar.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.